

Trans Ísland, félag Trans fólks á Íslandi
Kt. 4911070650
Suðurgata 3, 101 Reykjavík

Reykjavík, 27.08.2020

Tilfni: Mál nr. 143/2020. Umsögn um breytingar á ýmsum lögum vegna laga um kynrænt sjálfræði.

Trans Ísland var stofnað árið 2007 hefur staðið vörð um réttindi trans fólks í hvívetna, bæði í félagslegum sem og lagalegum skilningi. Félagið spilaði lykilhlutverk við gerð fyrri laga er snéru að réttindum trans fólks, þ.e. lög um réttindi einstaklinga með kynáttunarfanda 57/2012 sem hafa nú fallið úr gildi, og einnig í nýjum lögum um kynrænt sjálfræði 80/2019, en frumvarpshópurinn var að stóru leyti leiddur af grasrótar hreyfingum hinsegin samfélagsins.

Félagið fagnar og styður allar þær breytingar sem nefndin leggur fram og telja að þær séu mikilvægar til að tryggja jafna stöðu fólks með kynhlutlausu kynskráningu. Margar af þessum breytingum eru orðalagsbreytingar sem kunna að líta út fyrir að vera lítilvægar, en þær eru á sama tíma mikilvægar til þess að tryggja sé að fólk standi jafnfætis fyrir lögum burtséð frá kyni.

Samfélagslegar hugmyndir um kyn hafa breyst mikið á undanförunum áratugum og eru lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 og fyrirhugaðar breytingar á öðrum lögum hér í kjölfarið mikilvæg skref til að endurspeglja þá þróun og vitundarvakningu sem hefur átt sér stað í samfélaginu. Kynsegin fólk eða annað fólk sem fellur ekki að hefðbundnum hugmyndum um kynvitund þurfa að njóta réttinda og verndar í hvívetna og eru þessar því mikilvægar til þess að lög um kynrænt sjálfræði virki sem skyldi. Trans Ísland þessu tímabæra skrefi sem undirstrikar að Ísland vill vera í fararbroddi þegar kemur að tryggja öllum kynjum jöfn réttindi gagnvart lögum.

F. h. Trans Íslands, félags trans fólks á Íslandi
Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir,
Formaður

